




# Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

6. árgangur 3. tbl.

Mars 2009

*Páskabíngó Kvenfélags Gnúpverja  
verður haldið í Árnasi  
laugardagsmorguninn  
4. apríl kl. 10:30*



*Fjölmennum*

*Nefndin*

## Atvinna í boði.

Ferðapjónustan Steinsholti óskar eftir að ráða fólk til tímabundinna starfa næsta sumar. Um er að ræða vinnu við þrif um fjóra tíma á dag, og starfskraft til að sjá um að trússa í hestaferðir, það er að sjá um eldamennsku.

Upplýsingar veitir Gunnar í síma 863-8270.

Gunnar og Kari Steinsholti

## Fundarboð

Aðalfundur Félags eldri borgara í Skeiða- og  
Gnúpverjahreppi, verður haldinn í Bókasafnshúsinu,  
Brautarholti, föstudaginn 20. mars kl. 14.00

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

# Uppsögn sveitarstjóra.

Það hefur víst ekki farið framhjá neinum að sveitarstjórn og fyrrverandi sveitarstjóri skrifuðu undir samning um að sveitarstjóri léti af störfum hjá sveitarfélaginu. Ástæðan er trúnaðarbrestur sem upp kom milli aðila þegar í ljós kom að sveitarstjóri hafði fengið talsvert ofgreitt í laun vegna rangs launaútreiknings sem hann reiknaði út sjálfur, en laun sveitarstjóra voru tengd launavísitölu. Auk þess er ljóst að sveitarstjóri fékk greitt fyrir fundi sem voru ekki í neinu samræmi við ráðningarsamning. Þessar ofgreiðslur komu í ljós þegar endurskoðendur sveitarfélagsins voru í reglubundnu eftirliti með bókhaldinu. Fyrrverandi sveitarstjóri heldur því fram að um mistök hafi verið að ræða varðandi útreikninga launavísitölnunnar, ég hef ekki ástæðu til að rengja það.

Því hefur verið haldið fram að ástæða uppsagnarinnar séu bloggskrif sveitarstjórans, það er ekki ástæðan, hins vegar hefur það vakið athygli hjá mörgum að heilmikið var bloggað í vinnutíma hjá sveitarfélaginu.

Afkastamikið fólk kemur ýmsu í verk.

Rúmt ár er nú eftir af kjörtímabilinu, ekki er endanlega ákveðið með hvað hætti yfirstjórn sveitarfélagsins verður háttað þann tíma, þau mál eru nú í skoðun hjá sveitarstjórn. Mín skoðun er sú að hægt sé að hagræða talsvert í yfirstjórn og ekki ástæða til mikillar yfirbyggingar hjá ekki stærra sveitarfélagi. Ég mun fyrst um sinn vera í fullu starfi sem oddviti, á meðan svo er mun ég leggja mitt af mörkum til að þoka málum áfram.

Með kærri kveðju.

Gunnar Örn Marteinson.

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands verður með viðveru í Skeiða-og Gnúpverjahreppi n.t.t. í Árnosi fimmtudaginn **26. mars á milli klukkan 13 og 15.**

Endilega nýtið tækifærið til að hitta ráðgjafana í heimabyggð. Ræða hugmyndir og reifa leiðir til atvinnuþróunar.

*Atvinnuþróunarfélag Suðurlands*

*Sími 480-8212*

[www.vssv.is](http://www.vssv.is) - [www.sudur.is](http://www.sudur.is)

**46. fundur. Aukafundur í hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 24.febrúar 2009 kl. 11:30 í Árnosi.** Mættir voru: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti, Ingvar Hjálmarsson, Jón Vilmundarson, Tryggvi Steinarsson og Björgvin Skafti Bjarnason

Oddviti setti fund og athugaði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun fundarins, svo reyndist ekki vera.

1. Trúnaðarmál.
2. Önnur mál. Samþykkt að taka á dagskrá umfjöllun um starfslok sveitarstjóra og málefni ípróttahúss.

**A.1 Starfslok sveitarstjóra.**

Samkomulag hefur náðst milli sveitarstjórnar Skeiða - og Gnúpverjahrepps og Sigurðar Jónssonar kt:100745-7719 um að hann láti nú þegar af störfum.

Samþykkt að fela Jóni Vilmundarsyni varaoddvita og Einari Sveinbjörnssyni hjá KPMG endurskoðun á Selfossi að ganga frá uppgjöri við Sigurð Jónsson í samræmi við ráðningasamning frá 5.sept. 2006.

**A 2. Yfirstjórn sveitarfélagsins.** Samþykkt að oddviti muni stýra starfsemi sveitarfélagsins þar til annað verður ákveðið, skv. 54 gr. samþykktu sveitarfélagsins.

**B. Könnun á möguleikum á byggingu ípróttahúss.** Þar sem ekki hefur unnist tími til að ljúka könnun á byggingu ípróttahúss samþykkir sveitarstjórn að fresta málinu óákveðið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14.15

**47. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 3. mars 2009 kl. 10:30 í Árnosi.** Mættir voru: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti, Ingvar Hjálmarsson, Jón Vilmundarson, Tryggvi Steinarsson og Björgvin Skafti Bjarnason sem jafnframt ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og athugaði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun fundarins en þær voru ekki. Oddviti óskaði að taka fjögur mál á dagskrá. Stofnun lögbýlis í Álfsstaðalandi, skipulagsmál vegna tengivegar, framlagt bréf Magnúsar Óskarssonar og stjórnsýslukæra vegna markaðsstyrkja.

1. Sýslumaður Árnessýslu mætti á fundinn. Sýslumaður Árnessýslu Ólafur Helgi Kjartansson mætti á fundinn ásamt Þorgrími Óla og Oddi Árnasyni. Tílefnið er að auka samskipti milli sveitarstjórna og sýslumannsembættisins.
2. Styrkir til markaðssetningar. Afgreiðslu frestað.
3. Styrkir vegna tómstundastarfs barna. Sveitarstjórn Skeiða - og Gnúpverjahrepps samþykkir að allir grunnskólanemendur og framhaldsskólanemendur til 18 ára aldurs geti sótt um styrk sem nemur allt að 30.000 kr. á árinu 2009 til að stunda íprótta, æskulýðs eða menningarstarf.

frh>

Með umsókn þarf að fylgja kvittun um greiðslu frá aðila sem uppfyllir skilyrði að um viðurkennda starfsemi sé að ræða og fagaðilar sjái um þjálfun og/eða menntun.

4. Bréf frá lögmannsstofunni Fortis vegna afgreiðslu á markaðsstyrkjum. Lögmanni sveitarfélagsins falið að skoða málið.
5. Bréf frá menningarfulltrúa Suðurlands vegna umsókna um styrki til menningarmála. Litið er sérstaklega til menningartengdar ferðapjónustu og umsóknarfræstur er til 16. mars 2009. Heimasiða Menningarráðs er [www.sunnanmenning.is](http://www.sunnanmenning.is). Farið yfir mál sem tengjast hreppnum og oddvita falið að fylgja málunum eftir.
6. Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna húsaleigubóta, og tilkynning um greiðslur vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna. Lagt fram.
7. Niðurfelling á sérleyfisakstri í Árnes. Sveitarstjórn telur að ótækt sé að fella niður áætlunarferðir í Árnes án samráðs við heimamenn, sérstaklega á þeim tímum sem ætla má að fleiri muni nýta sér ferðirnar í framtíðinni.
8. Styrkbeiðni vegna stofnunar Starfsendurhæfingar á Suðurlandi. Óskað er nánari upplýsinga áður en málið er afgreitt.
9. Bréf frá K.S.Í. vegna stuðnings sveitarfélaga við íþróttastarf. Lagt fram.
10. Boðun á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Lánasjóðs íslenskra sveitarfélaga. Lagt fram.
11. Bréf frá samgönguráðuneytinu vegna fjárhagsáætlana. Lagt fram.
12. Erindi frá UMFG vegna uppgjörsvinnu við íþróttavöll. Samþykkt að greiða UMFG styrk að upphæð 181.500 kr. vegna vinnuframlags við sparkvöll.
13. Staðgreiðsluuppgjör sveitarfélagsins frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Lagt fram.
14. Kostnaðar og efnahagsyfirlit Byggingar - og Skipulagsfulltrúa. Lagt fram.
15. Fundargerð verkfundar vegna fráveituframkvæmda í Árnesi. Lögð fram.
16. Fundargerðir umhverfisnefndar frá 8. janúar og 5. febrúar. Fundargerðir staðfestar.
17. Fundargerðir skólanefndar nr.32 frá 9. febrúar 2009 og fundargerð nr.33 frá 9.ferbrúar 2009 um leikskólamál/grunnskólamál. Endurskoðanda falið að fara yfir liði 2 og 5 í fundargerð 32. Fundargerðir staðfestar.
18. Fram lagðar fundargerðir. - -  
Minnispunktur vegna fundar um Þjórsárdal. Samþykkt að kalla á fund hagsmunaaðila, til að halda áfram stefnumótun vegna Þjórsárdals.  
Fundargerð Skólaskrifstofu Suðurlands. Lögð fram.  
Fundargerðir Almannafræðisráðs frá 30. janúar og fundargerð Brunavarna Árnessýslu frá 6. febrúar. Lagðar fram.
19. Bréf frá fræðslunefnd Hrunamannahrepps. Samþykkt að Jón Vilmundarson formaður skólanefndar verði fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í starfshópi um framtíðarsýn Flúðaskóla.

20. Tillaga að þriggja ára fjárhagsáætlun 2010- 2012. Samþykkt að vísa þriggja ára áætlun til seinni umræðu.

21. Yfirstjórn sveitarfélagsins. Tillaga frá Ingvari Hjálmarssyni:

Ég undirritaður legg til við hreppsnefnd að Gunnar Örn oddviti sinni störfum sveitarstjóra út kjörtímabilið. Máli mínu til stuðnings bendi ég á að stutt er til næstu kosninga og finnst mér það of skammur tími til stefnu að ráða nýjan aðila sem sveitastjóra. Að mínu mati hefur Gunnar staðið sig vel í embætti oddvita og er orðinn öllum málum vel kunnugur sem hlýtur að vera mikils virði í því að klára þau brýnu verkefni sem framundan eru. Það að ráða nýjan aðila hljóta allir að sjá sem vilja hversu mikill tími fer í að koma viðkomandi inni málin. Það liggur alveg ljóst fyrir að mörg brýn verkefni samþykkt af sveitarstjórn hafa ekki verið unnin og verður að taka á því strax, þess vegna legg ég það til að Gunnar gegni starfi sveitarstjóra svo við getum litið yfir kjörtímabilið ánægðir með verkin sem unnin voru en horfum ekki til baka og sjáum allt sem eftir er og allan þann tíma sem eytt var í að koma nýju fólki inni störfin.

Ingvar Hjálmarsson.

Tillögu Ingvars frestað til næsta fundar og sveitarstjórn samþykkir að fá KPMG til að fara yfir skipulag yfirstjórnar sveitarfélagsins og þar til annað verður ákveðið verði Gunnar í fullu starfi, frá fyrsta mars.

22. Breyting á skipulagi vegna tengivegar. Á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 4. nóvember 2008 var samþykkt að auglýsa breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna breytinga á legu tengivegar yfir Þjórsár. Tillagan var auglýst til kynningar 6. febrúar sl. Með athugasemdarfresti til 20. mars. Nú hefur komið í ljós smávægilegur galli á auglýstum skipulagsgögnum í tengslum við tengingu vegarins við Þjórsárdalsveg við þéttbýlið í Árnesi. Vegna þessa þarf að mati Skipulagsstofnunar að taka lagfærða tillögu fyrir að nýju í sveitarstjórn og auglýsa upp á nýtt. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa framlagða breytingu á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags og byggingarlaga

23. Lögbýli að Álfsstöðum 2. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlisins.

24. Lagt fram bréf frá Magnúsi Óskarssyni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16.30

## Skeifur

Hef íslenskar Helluskeifur til sölu.  
Helstu stærðir. Birkir sími 897-4482



# Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu Brautarholti

**Opnunartímar:**

**Mánudaga og miðvikudaga  
frá 10.00 - 16.00**

**Þriðjudaga og fimmtudaga  
frá 20.00 - 21.30**

## Bíll til sölu

Galloper árgerð 1999 ekinn 159.000 km.  
Hálfslitin sumardekk á felgum fylgja.  
Bíll í ágætu ástandi.

Upplýsingar veitir Loftur í síma 896-9565 og 486-5650



**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í**  
**ÁRNESSÝSLU.**



Brottför frá Reykjavík, Skútuvogi 13. sími: 533 2211. Mánudaga til  
föstudaga kl. 13:00,

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán

# VÍGSLA

Ákveðið hefur verið að vígja nýju reiðhöll hestamanna-  
félagana Smára og Loga sem stendur í Torfdal við  
Flúði sunnudaginn **19. apríl** klukkan 14:00.

Dagskrá auglýst síðar. Munið að taka daginn frá.

Nefndin



## BLAK

Kvennablakið er í fullum gangi.

Erum á þriðjudagskvöldum frá kl. 20:30 til 22:00.

Frá 17. mars og fram á vorið spilum við í Árnesi.

Ef þið hafið áhuga endilega látið sjá ykkur.

Ef þið viljið nánari upplýsingar, þá hafið samband.

Kv. Lilja s.847-8162

## Happadrætti S.Í.B.S.

Styrkið gott málefni og fáíð ykkur miða.

Umboðsmaður Sigrún Fossnesi.

Sími 486-6079 og 895-8079 [fossnes@uppsveitir.is](mailto:fossnes@uppsveitir.is)

## **Opnun sundlauga í Skeiða-og Gnúpverjahreppi**

### **Vetraropnun.**



	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga		17-21
Þriðjudaga	17-21	
Miðvikudaga		17-21
Fimmtudaga	17-21	
Laugardaga	13-17	13-17

# Smá pistill frá umhverfisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Undanfarnar vikur hefur nefndin haldið fundi með ýmsum aðilum til að fræðast um stöðu sorpmála á Suðurlandi.

Ljóst er að sorphreinsun og urðun mun taka miklum breytingum á næstunni, en það hefur legið fyrir í nokkur ár að urðunarsvæðinu að Kirkjuferjuháleigu verður lokað 1. desember 2009. Einnig er ljóst að ekki verður gefinn annar frestur varðandi þessa ákvörðun og því mjög áriðand að finna góða lausn strax á þessu ári.

Sorpstöð Suðurlands hyggst nú fara í samstarf við Sorpu, Kölku á Suðurnesjum og Sorpurðun Vesturlands um lausnir á úrgangsmálum til ársins 2020. Stefnan í þessari samvinnu er að byggja upp aðalstöð á höfuðborgarsvæðinu, og þá líklega umhleðslustöðvar í hinum landshlutunum, en allt sorp yrði þá keyrt til Reykjavíkur.

Um er að ræða miklar fjárfestingar, eða um 15 milljarða til ársins 2020, og var óskað eftir staðfestingu frá aðildarsveitafélögunum s.l. vetur. Skeiða- og Gnúpverjahreppur samþykkti þetta með fyrirvara um aðrar haghvæmari lausnir.

Samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands

## **1. Markmið og hlutverk**

### **1.1**

Sorpstöð Suðurlands, skammstafað SOS, er byggðasamlag sveitarfélaga á Suðurlandi og fyrirtækja í þeirra eigu í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Heimili þess og varnarþing er að Austurvegi 56 á Selfossi.

### **1.2**

Markmið Sorpstöðvar Suðurlands er:

a. Að annast förgun sorps fyrir aðildarsveitarfélög og fyrirtæki sem þar starfa.

b. Að kappkosta að starfseminni sé ávallt hagað þannig að hún uppfylli ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis um förgun sorps.

c. Að framkvæma gjaldskrárstefnu með þeim hætti að sveitarfélög og aðrir viðskiptaaðilar á Suðurlandi njóti hagkvæms reksturs.

d. Að stuðla að þróun hagkvæmrar sorphirðu á þann hátt að flokkun og endurvinnsla aukist samfara minnkun þess sorps sem til förgunar fer.

e. Að haga starfseminni þannig að hún verði ávallt í fararbroddi og sátt við umhverfið.

<http://www.sorpstodsudurlands.is/samthykkir>

Það er ljóst að kostnaður við urðun á sorpi er að hækka umtalsvert miðað við það verð sem greitt hefur verið fram að þessu, og þá er kostnaður við flutning sorpsins á urðunarstað ótalin.



Nefndin, ásamt oddvita og sveitastjóra, skoðaði einnig þá þjónustu sem Íslenska Gámafélagið býður. Þar er í boði þjónusta sem býið er að laga mjög vel að þörfum dreifbýlissveitarfélaga og er þessi leið sem fyrirtækið býður upp á notuð í Stykkishólmi og í Flóahreppi með mjög góðum árangri.

Umrædd lausn gerir ráð fyrir því að allir íbúar taki virkan þátt í flokkun sorps, og reiknað er með að 60-80% alls heimilissorps fari í endurvinnslu. Sorpið er flokkað í 3 tunnur, eina fyrir lífrænan úrgang, eina fyrir annað endurvinnanlegt sorp, og svo eina fyrir sorp sem þarf að urða. Eins og staðan er í dag yrði Sorpinu keyrt til Reykjavíkur en fyrirtækið er að leita annara leiða til urðunar.

Markmiðið er að sjálfsögðu alltaf að minnka það sorp sem þarf að fara til urðunar, og minnka þar að leiðandi urðunarkostnaðinn. Reynsla Flóahrepps er að urðunarsorpið minnkaði strax um 50%.

Allt rúlluplast mun að sjálfsögðu líka fara í endurvinnslu.

Ljóst er að einnig þarf að fara í aðgerðir á gámasvæðum sveitarfélagsins, og er stefnan sú að einungis verði um eitt gámasvæði að ræða.

Það er niðurstaða allra sem talað hefur verið við á fyrrnefndum fundum, hvort sem það eru sveitarfélög eða sorphirðufyrirtæki, að eina vitið felist í því að vera með lokuð gámasvæði. Það ber líka öllum saman um að sé opnunartími gámasvæðanna aðlagður þörfum íbúanna eins og kostur er þá séum við öll fljót að venjast því.

Mikilvægt atriði er að finna eitt gott svæði sem er eins miðsvæðis og kostur er, og væru góðar ábendingar um slíkt svæði og málefnið í heild vel þegnar.

*Fyrir hönd Umhverfisnefndar.*

*Harpa Dís Harðardóttir Formaður.*



## **Kvenfélag Gnúpverja 80 ára.** **Haldið föstudagskvöldið 24. apríl** **í Árnesi.**

**Áður auglýst 25. apríl.**

**Athugið breytta dagsetningu sem kemur til vegna fyrirhugaðra kosninga til alþingis þann sama dag.**

Nefndin.

# Afmæli Kvenfélags Gnúpverja 24. apríl 2009

Ágætu félagskonur, nú er undirbúningur að afmælinu í fullum gangi. Við urðum að færa afmælishátíðina til vegna kosninga, en það kemur vonandi ekki að sök. Til stendur að bjóða öllum Gnúpverjum ásamt brottfluttum félagskonum til hátíðarkvöldverðar í Árnesi. En það verður auglýst nánar síðar.

## **Takið kvöldið endilega frá.**

Nú ætlum við í afmælisnefndinni að fara á fjörurnar við ykkar í leit að munum eftir hana Katrínu í Hlíð, þá erum við að hugsa um allt sem hún hefur gert hvort sem það eru litlir munir ( skór, vettlingar, vörður, dúkkuföt, dúkkur, vísur eða hvað sem er) eða kjólar sem hún þrjónaði og hver annar fatnaður.

Svo er annað sem okkur langar að athuga og það er hvort ekki séu til skemmtilegar myndir frá kvenfélagsstarfinu, ferðalögum, námskeiðum eða hverju sem er, þær mega vera nýjar og gamlar, á tölvutæku formi og venjulegar (ekki í tölvu), við ætlum að reyna að setja upp myndasýningu. Það er bara áriðandi að þið merkið allt vel þannig að auðvelt sé að halda öllu til haga.

Vinsamlegast hafið samband við okkur í nefndinni ef þið hafið eitthvað eða vitið um eitthvað handa okkur.

Með kveðju og þakklæti fyrir hjálpina.

## Afmælisnefnd.

Bryndís Baldursdóttir, bryndis60@gmail.com	Hamragerði	557-1113 / 869-1112
Margrét Steinþórsdóttir,	Háholti	486-6017 / 863-5217
Sigrún Símonardóttir, sigrsim@simnet.is	Heiðarbrún	486-6001 / 893-6084
Sigrún Bjarnadóttir, fossnes@uppsveitir.is	Fossnesi	486-6079 / 895-8079
Þuríður Jónsdóttir, dudda@skeidgnup.is	Hamratungu	486-6025 / 861-0015



**Þjórsárskóli**

Skeiða- og Grúpvörjahreppi

## Kennarastaða við Þjórsárskóla

Í Þjórsárskóla við Árnes vantar kennara til afleysinga næsta skólaár. Meðal kennslugreina er sérkennsla, íslenska á yngsta og miðstigi, myndmennt, smíði/ tæknimennt og heimilisfræði.

Þjórsárskóli telur 54 nemendur í 1.-7. bekk og við skólann starfa 11 einstaklingar. Þjórsárskóli er grænn skóli með mikla áherslu á umhverfismennt, náttúruna og nærsamfélagið. Nýsköpunarkennsla hefur einnig fengið fastan sess í skólanum. Skólinn er lítill og hlýlegur og opinn fyrir nýjum hugmyndum. Það er góð aðstaða í skólanum og gott umhverfi.

Leitað er eftir jákvæðum einstaklingi (kennara/proskapjálfa) sem er tilbúinn að vera með í þróun og mótun nýrra kennslu- og starfshátta í skólanum sem krefst samvinnu og samstarfs allra starfsmanna skólans.

Umsóknarfrestur er til 3. apríl 2009.

Allar nánari upplýsingar veitir skólastjóri, Ingibjörg María Guðmundsdóttir, 486-6000, 864-5481, [skolastjori@skeidgnup.is](mailto:skolastjori@skeidgnup.is)

## Frá unglिंगadeildinni Skúla

Félagsmenn frá Kiwanisklúbbnum Gullfossi komu færandi hendi til okkar um daginn með 100.000 kr. Þökkum við þeim kærlega fyrir þessa rausnarlegu gjöf. Það er ómetanlegt fyrir okkar starf að fá svona gjöf.

Nú í febrúar voru teknir inn nýjir meðlimir og bættust við hópur af efnilegu ungu fólki í deildina.

Starfið hjá deildinni gengur vel og stendur mikið til á árinu. Fyrir utan okkar vanalega starf er stefnt að því, á næstu vikum að fara í heimsókn til unglिंगadeildarinnar í Vestmannaeyjum og í æfingarferð með öllum unglिंगadeildum á Suðurlandi, á Gufuskála en þar er æfingarsvæði Landsbjargar. Svo í sumar verður farið á Landsmót unglिंगadeilda í Hnífsdal.

Þar sem annar af umsjónamönnum er farin í barneignarleifi, hafa nýjir umsjónamenn komið til aðstoðar en það eru þau Baldur Örn Samúelsson, Auður Grétarsdóttir og Hjördís Bára Sigurðardóttir.

Hægt er að fylgjast með starfi deildarinnar á slóðinni

<http://ud-skuli.blogcentral.is/>

Fyrir hönd Unglिंगadeildarinnar Skúla

Halldóra Fossi.

# Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dömur og herra frá GUINOT og förðunarvörur frá

NO NAME

Tím pantanir í síma 566-8342 og 856-1599

**EIMSKIP**

**Flúðaleið ehf**

*Landflutningar*  
**SAMSKIP**

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

892-2372- Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf  
Starfsfólk Flúðaleiðar

## Íþróttæfingar á vegum UMFG


**Íþróttæfingar á vegum UMFG fyrir börn 10 ára og yngri** eru strax eftir skóla á föstudögum kl. 12:45 - 14:00 í Árnesi. (Æfingarnar eru einungis þegar skóli er). Siggí Palli sér um æfingarnar. Foreldrar verða að sækja börnin að lokinni æfingu. Börnin þurfa að hafa með nesti og íþróttaföt. Hver æfing kostar 200 krónur.

Með kveðju frá UMFG



# Á bak við eldavélina

Þetta er upphaldsréttur hjá Hælsmönnum, í vesturbænum. Tilvalið að vetri til þegar kalt er úti. Kraftmikill og seðjandi réttur.



## Osso Bucco

Fyrir fjóra

4 sneiðar af þverskornum nautskönkum með beini  
2 laukar  
4 msk tómatauk  
4 nýir tómatar eða ein dós af niðursoðnum tómötum  
Kjötkraftur  
„Dass“ af Rósmarín eða timian (helst fersk)  
Rifinn börkur af sítrónu (best að nota lífrænt)  
Salt/pipar  
6 msk ólífuolía



Steikið laukinn létt í olíunni og hrærið, bætið tómötum, kjötkrafti, sítrónuberki og salti/pipar út í. Leggið kjötsneiðarnar ofan í og látið malla í eina og hálfu klukkustund. Þangað til að kjötið er orðið meyrnt.

Berið fram með nýbökðu brauði og hrísgrjónum.

## Brauð

$\frac{1}{2}$  l af vatni  
1 dós hrein jógúrt  
1 dl ólífuolía  
Salt  
Upp. 700 g hveiti  
150 g bygg frá Vallanesi  
100 g haframjöl  
1 pk ger (50 gr.)

Blandið saman í þeirri röð sem þetta stendur, látið bíða í 1-1  $\frac{1}{2}$  klst. Bakið sem brauð í 50 mín eða bollur í 15 mín við 200 gráður.



Ég skora á Atie í Skafttholti að koma með uppskrift í næsta bréfi.  
Með bestu kveðju Bolette

## Afmælisrit Kvenfélags Gnúpverja 2009!

Verið er að undirbúa útgáfu rits af tilefni 80 ára afmæli Kvenfélags Gnúpverja nú í apríl n.k. Ritið mætti telja til nokkurs konar sagnfræði þegar til lengri tíma er litið og verður þar skráð saga félagsins sem gaman væri að skreyta með myndum og skemmtilegum frásögnum.

Einnig ætlum við að reyna koma að í blaðinu ýmsum öðrum fróðleik um sveitina. Gefum við því öllum kost á að gauka að okkur einhverju úr fortíð og nútíð sem ef til vill væri gaman að hafa með en við vitum ekki um.

Eitt af markmiðum ritnefndar er að fá sem flesta atvinnurekendur sveitarinnar skráða í blaðið, sérstaklega til að varpa ljósi á hvaða starfsemi þetta sveitarfélag saman stendur af nú á þessum tíma og einnig til þess að hjálpa okkur við að gera þetta sem allra best.

**Við bjóðum því fyrirtækjum, félagasamtökum og öllum þeim sem vilja styrkja okkur og vilja láta nafns síns getið í blaðinu, auglýsingu eða styrktarlínu.**

**Verðskrá auglýsinga er:**

**Heilsíða inni í blaði 20.000,-**

**Hálfsíða 10.000,-**

**¼ síða 5.000,-**

**Styrktarlína 3.000,- (nafn og heimilisfang og atvinnuheiti eða starfsemi.)**

**Baksíðan er nú þegar seld.**

Látið okkur vita sem fyrst því blaðið þarf að vera komið til uppsetningar í prentsmiðju fyrir páska,

þá þarf allt efni að hafa skilað sér.

Með bestu ritnefndarkveðjum og von um áhuga ykkar á málefnum.

Kristjana Gestsd. Hraunteigi, Sími 863-9518

E-mail: [hraunteigur@hraunteigur.is](mailto:hraunteigur@hraunteigur.is)

Ingunn Sveinsd. Stóra-Núpi, Sími: 856-1197

Helga Óskarsd. Þjórsholti, Sími: 486-6023

### Lífshlaupið


Þjórshóli ásamt Dúddu á Hreppsskrifstofunni tók þátt í lífshlaupinu sem fram fór um allt land dagana 4.-24. febrúar. Þar er fólk hvatt til að hreyfa sig lágmark 30 mínútur á dag. Við lentum í 21. sæti yfir lið með 11-29 starfsmenn. Í okkar riðli voru 105 fyrirtæki. Auk þess lentum við í 13. sæti yfir sveitarfélögin á landinu. Hreyfing starfsmanna var mjög fjölbreytt, ganga, hlaup, hestamennska, skíði, líkamsrækt, sund, jóga og svona mætti lengi telja. Erum við að sjálfsgöðu stolt af okkar árangri. Með kveðju, Hafdís

## Fréttir frá Þjórsárskóla

Hvert skólaár er sérstakt með sínum áherslum og viðburðum. Í ár hafa nýjungar í skólanum falist í útikennslu, skógarkennslu og þróunarstarfi varðandi sjálfbæra menntun. Áherslur næsta árs á eftir að leggja með því fólki sem mun starfa við skólann en samningur skólans um skógarkennslu gildir fyrir næsta skólaár líka. Næsta skólaár fara tveir kennarar í leyfi. Eygló tekur launalaust leyfi til að prófa annan starfsvettvang og Hafdís fer í barneignarleyfi. Það er skemmtilegt frá því að segja að aðrir kennarar við skólann hafa lýst áhuga sínum á að bæta við starfshlutföll þannig að stór hluti afleysinga verður leystur með núverandi kennurum. Það er ánægjulegt að starfsumhverfið er þannig í okkar skóla að fólk vill gera vel við hann, leysa þau mál sem upp koma og efla starf sitt innan skólans. Ég kann starfsmönnum mínum bestu þakkir fyrir slíkt viðhorf, því það er ekki sjálfsagt mál að svo sé. Starfsmannahópurinn hefur unnið margt faglegt og framsýnt starf og mikið hefur oft reynt á samvinnu innan hópsins. Það að starfsmannahópurinn sé tilbúinn til að mæta breyttum þörfum innan skólans tel ég merki um að fólk er vakandi fyrir þörfum vinnustaðarins og vill gera vel í verkum sínum og umhverfi. Þó hópurinn leggist á eitt þarf samt að bæta við starfskrafti og því hefur nú þegar verið auglýst eftir kennara í ákveðnar greinar. Það má segja að það geri okkur hinum líka gott að fá fersk viðhorf inn í hópinn og ég tel að allir taki slíku vel. Nú þegar þetta er skrifað hafa þá þegar borist fyrirspurnir um störf við skólann. Það er því með bjartsýni og jákvæðni sem undirbúningur er hafinn fyrir næsta skólaár sem vonandi verður skemmtilegt og lærdómsríkt fyrir alla.

Með kærri kveðju,  
Ingibjörg María Guðmundsdóttir  
skólastjóri Þjórsárskóla

Á vef skólans er að finna ýmsan fróðleik um skólastarfið og fréttir af einstökum viðburðum sem og myndum úr skólastarfinu. Slóðin er [www.thjorsarskoli.is](http://www.thjorsarskoli.is)



## Frá Skálholtsskóla

Skálholtsskóli óskar eftir starfsfólk til almennra hótellarstarfa frá 1. maí n.k. Um er að ræða framtíðarstörf en einnig sumarafleysingar. Umsóknareyðublöð á heimasíðunni [skalholt.is](http://skalholt.is) Upplýsingar í síma 486-8870 eða 899-3532, netfang [skoli@skalholt.is](mailto:skoli@skalholt.is)

## Aðalfundur Kvenfélags Gnúpverja

Aðalfundur verður haldinn í Árnesi  
þriðjudaginn 17. mars 2009 kl. 20.30.

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Sigrún Guðlaugsdóttir ritari gefur ekki kost á sér áfram.

Stjórnin

## Handavinnukvöld

Undanfarin fimmtudagskvöld hafa konur komið saman í bókasafninu og unnið að ýmiskonar handavinnu. Nýtt hefur verið þekking og kunnátta innan hópsins og konur miðlað sín á milli. Kennt hefur verið að þrjóna tvo sokka í einu á einn þrjón, þæfð tíglataska og gimb. Margar hugmyndir eru á borðinu og spennandi hlutir framundan.

Stefnt er á áframhaldandi samveru og eru þessi kvöld opin öllum sem hafa áhuga. Kostnaður er enginn nema það efni sem hver og einn vinnur með. Heitt er á könnunni en konur skiptast gjarnan á að koma með eitthvað til að setja á sameiginlegt kaffiborð.

Hvetjum sem flesta til að mæta næsta fimmtudagskvöld um klukkan 20:30 og eiga góða stund saman.



Námskeiðsnefnd  
Kvenfélags Skeiðahrepps

**Næsta Fréttabréf kemur út miðvikudaginn 8. apríl**

**Skilafrestur efnis er til sunnudagsins 5. apríl**

Umsjón með fréttabréfinu hefur Helga Kolbeinsdóttir - helga@skeidgnup.is  
Ábyrgðarmaður er Gunnar Örn Marteinnsson Oddviti

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin mánudaga-fimmtudaga frá  
kl. 9-12 og 13-15. Sími 486-6014 Fax 486-6091 www.skeidgnup.is